

Nd.

575. Frumvarp til laga

[240. mál]

um garðyrkjuskóla á Akureyri.

Flm.: Ingvar Gíslason, Stefán Valgeirsson.

1. gr.

Heimilt skal ráðherra, þegar fé er til þess veitt á fjárlögum, að stofna á vegum ríkisins og reka að fullu á þess kostnað garðyrkjuskóla á Akureyri, svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með málefni skólans. Þriggja manna skólanefnd, er ráðherra skipar samkvæmt tilnefningu bæjarstjórnar Akureyrar, Búnaðarsambands Eyjafjarðar og Sambands norðlenzkra kvenna, hefur stjórn skólans með höndum ásamt forstöðumanni, sem ráðherra setur eða skipar til starfans að fenginni umsögn skólanefndar.

3. gr.

Ríkið leggur skólanum til nægilegt land og íbúðarhús fyrrum Gróðrarstöðvar Ræktunarfélags Norðurlands á Akureyri í samráði við Rannsóknastofnun landbúnaðarins og kostar að öllu leyti þær endurbætur og viðgerðir, sem nauðsynlegar kunna að vera vegna skólastarfsins.

4. gr.

Stefnt skal að því, að skólinn starfi a. m. k. átta mánuði á ári, frá 1. marz til 31. október ár hvert. Lögð skal megináherzla á hagnýta, verklega kennslu í útigarðrækt og skipulagningu og ræktun skrúðgarða og skjólbelta auk leiðbeininga um notkun sérfræðibóka.

Ráðherra setur nánari reglur um starfsemi skólans, inntökuskilyrði, námsefni, kennslutilhögun, próf og prófréttindi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mörg undanfarin ár hefur verið uppi allsterk hreyfing norðanlands um endurreisn garðyrkjukennslu á Akureyri. Hafa ýmsir áhugamenn um ræktunarmál, þ. á m. Samband norðlenskra kvenna, beitt sér fyrir þessari hreyfingu, enda á hún eindreginn stuðning áhrifamikilla aðila, svo sem Búnaðarsambands Eyjafjarðar, bæjarstjórnar Akureyrar o. fl.

Garðyrkjukennslu var haldið uppi í Gróðrarstöð Ræktunarfélags Norðurlands á Akureyri á árabílinu 1904—1940, en þá féll sú starfsemi niður, er Garðyrkjuskólinn að Reykjum í Ölfusi tók til starfa. Því var trúað þá, að eigi væri þörf garðyrkjukennslu á Akureyri, eftir að sá skóli kom til sögunnar. Reynslan sannar þó hið gagnstæða. Garðyrkjuskólinn í Ölfusi hefur fremur sérhæft sig í gróðurhúsaræktun, og er ekkert við því að segja út af fyrir sig, en garðyrkjukennslan á Akureyri var jafnan miðuð við heimilisgarðyrkju og skrudgarðaræktun. Áhrifa þeirrar stefnu gætti með sérstökum hætti á Akureyri og víðar um Norðurland, þar sem garðyrkja til heimilisnota og staðarfeegrunar setti svip á bæ og byggð. Sú hreyfing, sem uppi er á Norðurlandi fyrir endurreisn garðyrkjukennslu á Akureyri, miðar fyrst og fremst að því að endurvekja áhuga á heimilisgarðyrkju og skrudgarðarækt og fjölga þeim mönnum, sem unnið gætu leiðbeiningastörf eða veitt þjónustu á því sviði. Flutningsmenn eru einnig þeirrar skoðunar, að fyrirhugaður skóli yrði mikilvægur forskóli eða námsáfangi þeim, sem hugsa til fullnaðarnáms í garðyrkjufraeðum, einkum þeim, sem stefna að því að öðlast iðnréttindi í skrudgarðyrkju. Aðstæður til náms í skrudgarðyrkju eru á ýmsan hátt betri á Akureyri en annars staðar, ekki síst á landi gömlu Gróðrarstöðvarinnar, þar sem finna má ljósust vitni um hina margvíslegu ræktunarmöguleika hér á landi og þar sem ræktunarmenning verður séð og skynjuð af lifandi táknum og dæmum. Er óhætt að fullyrða, að verðandi skrudgarðyrkjumönnum verður ekki fundinn þroskavænlegri staður til náms, þótt um stuttan tíma væri.

Vorið 1966 var samþykkt þingsályktun á Alþingi, þar sem skorað var á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvort eigi væri grundvöllur fyrir stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd, og skyldi þeirri athugun lokið fyrir reglulegt Alþingi, sem koma átti saman 10. október 1966.

Landbúnaðarráðherra skipaði þriggja manna nefnd til þess að athuga málið, en í nefndinni voru Jón Rögnvaldsson, garðyrkjuráðunautur á Akureyri, Dómhildur Jónsdóttir, prestsfrú á Höskuldsstöðum, og Ármann Dalmannsson, formaður Búnaðarsambands Eyjafjarðar. Nefndin skilaði álit og tillögum til landbúnaðarráðherra í febrúarmánuði 1967 og lagði til, að stofnaður skyldi garðyrkjuskóli á Akureyri og til hans lagt land og húsnæði gömlu Gróðrarstöðvarinnar. Nefndin lagði til, að skólinn tæki til starfa 1. marz 1968, yrði fyrst um sinn 8 mánaða skóli og tæki allt að 10 nemendum. Skólinn skyldi leggja megináherzlu á kennslu í heimilisgarðrækt í viðtækum skilningi og vera fyrst og fremst verknámsskóli með nokkru hagnýtu bóknámi.

Fyrirhugaður garðyrkjuskóli á Akureyri yrði hvorki dýr né viðamikil stofnun. Ekki mun þörf nema eins fastráðins kennara (skólastjóra), og stundakennsla yrði hverfandi. Ríkið á nothæft hús fyrir skólann, þar sem er gamla Gróðrarstöðin, og nægilegt land, sem nýta má í þágu skólans. Ástæðulaust er því að óttast þau útgjöld, sem skólanum yrðu samfara.